

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um kostnað vegna rannsókna og haldlagningar vímuefna.

Frá Halldóru Mogensen.

1. Hver er áætlaður heildarkostnaður tveggja aðgerða löggreglu gegn skipulagðri brotarstarfsemi sem fjallað var um á blaðamannafundi af hálfu löggreglunnar 9. júní sl.? Óskað er upplýsinga um kostnað frá því að rannsókn hófst og til og með því að efnin voru haldlögð? Hversu margra stöðugilda löggreglu krafðist hvor aðgerð fyrir sig? Hversu margra vinnustunda krafðist hvor aðgerð fyrir sig í heild? Óskað er eftir sundurliðun fyrir heildarkostnað hvorar aðgerðar fyrir sig.
2. Hver er áætlaður heildarkostnaður vegna aðgerðar löggreglu frá miðjum ágúst sl. þar sem lagt var hald á 99,25 kíló af kókaíni? Hversu margra stöðugilda löggreglu krafðist aðgerðin? Hversu margra vinnustunda krafðist aðgerðin? Óskað er upplýsinga um kostnað frá því að rannsókn hófst og til og með því að efnin voru haldlögð.
3. Hver var kostnaður, fjöldi stöðugilda löggreglufólks og fjöldi vinnustunda sem var varið í aðgerðir er stefndu að haldlagningu vímuefna hvert ár sl. 5 ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum.

Skriflegt svar óskast.
